

## Fundargerð

Þriðjudaginn 31. maí 2022, kl. 18:30 - var haldinn fundur í stjórn **Byggðasamlags um menningu og atvinnumál A-Hún**. Fundarstaður var Hnúkabyggð 33 á Blönduósi. Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, formaður, Hjálmar Björn Guðmundsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson.

Valdimar ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund kl 18:30- og stjórnaði honum. Formaður bar upp hvort athugasemdir væru við fundarboð og gögn, en um er að ræða síðasta formlega fund stjórnar byggðasamlagsins – BMA

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundi dags., 8. desember 2021, var undirrituð en hún hafði áður verið send út með tölvupósti, án athugasemda.

#### 2. Ársreikningur BMA 2021.

Ársreikningur BMA, fyrir árið 2021 sem unnin er af KPMG, lá fyrir fundinum en hann hafði áður verið sendur stjórnarmönnum með fundarboði. Farið var yfir helstu kennitölur í ársreikningi og skýringar en reikningurinn sýnir neikvæða rekstrarniðurstöðu ársins 2021 að upphæð kr (4.411.427) en hafði verið áætluð neikvæð kr.(8.440.000) Rekstur BMA ber ýmis merki samdráttar af öðru ári í heimsfaraldri. *Eftir umræðu og skýringar var ársreikningur BMA 2021 borinn upp og samþykktur af stjórn BMA, með viðeigandi áritun stjórnarmanna.*

#### 3. Tillaga um slitastjórn – vegna niðurlagningar á byggðasamlagi.

Með vísan til samþykktar tillagna allra aðildarsveitarfélaga um að slíta skuli Byggðasamlagi um menningu og atvinnumál – BMA, í samræmi við 56. gr., Samþykktar fyrir Byggðasamleg um menningu og atvinnumál í A-Hún., fer um endurskoðun á samþykktum, úrgöngu úr byggðasamlagi og slit þess eftir 83.-86. gr eldri sveitarstjórnarlaga sbr. 95 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

*Stjórn BMA leggur til við aðildarsveitarfélög að skipuð verði 4ra manna slitastjórn fyrir BMA, eins fljótt og við verður komið, og að hún verði skipuð einum fulltrúa frá hverju stofnaðildarsveitarfélagi, t.d., sveitarstjórum/oddvitum eða öðrum þeim sem sveitarstjórnir skipa. Jafnframt er lagt til að KPMG verði falið að undirbúa/aðstoða við slitin. Formaður bar upp tillögu um slitin, eins og að ofan greinir. Samþykkt.*

*Handwritten signatures and initials: AJS, MB, RH*

## Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

### 4. MVF - staða vegna áframhaldandi viðgerðar og uppbyggingar mannvirkja á lóð Kvennaskólans á Blönduósi.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu á málinu og samskipti sín við ráðuneyti um frekari fjárveitingu til viðhalds og uppbyggingar á húsnæði Kvennaskólans á svokölluðum Kvennaskólareit. Tafir hafa orðið á svörum um mögulegt framhald á málinu vegna uppskiptinga verkefna á milli ráðuneyta á fyrstu mánuðum þessa árs, en málið er og verður áfram hjá nýju ráðuneyti sem ber nefnið Menningar- og viðskiptaráðuneytið – MVF. Brýnt er að fara sem fyrst í viðhald og málningu á Kvennaskólanum, og undirbúa næstu aðgerðir ef fjárveiting fæst eins og lagt hefur verið upp með í beiðni til ráðuneytis. Stjórn samþykkir að láta vinna að viðhaldi á Kvennaskólahúsum, fyrir þá fjármuni sem þegar hafa verið samþykktir til þeirra verkefna.

### 5. Önnur mál.

- Lögð fram til kynningar fundargerðir Heimilisiðnaðarsafnsins frá 23.03.2022.
- Framkvæmdastjóra falið að framlengja eða endurnýja samning um Upplýsingamiðstöð, sem gerður var til reynslu í eitt ár, til 2023.
- Formaður þakkar stjórn og framkvæmdastjóra fyrir störf sín á þessum vettvangi, þar sem um er að ræða síðasta fund stjórnar.

Fleira ekki fyrir tekið  
Fundu slitið kl. 19:10

Halldór G. Ólafsson

Magnús Björnsson

Ástígnis Ó. Sigmundsson

Ragnhildur Starvalds